



16. febrúar 2022

Borgarráð

Efni: Kjarasamningar við tónlistarkennara

1. Nýr kjarasamningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) til kynningar

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. janúar 2022 – 31. mars 2023.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífsskjarasamnings:

- 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000
- Annaruppbætur taka almennum hækkunum og verða 96.000 kr. 1. júní 2022 og 1. desember 2022

Félag	Aukinn launakostnaður v. 2022	Hlutfallsleg kostnaðaraukning v. 2022
FT	4.020.623	4,2%

Samið var um 13 mínútna styttingu á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið á grunni Lífsskjarasamnings. Sérstakur innleiðingarhópur samningsaðila mun fylgja verkefninu eftir og undirbúa gerð leiðbeininga varðandi framkvæmdina. Breyting á skipulagi vinnutíma á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði sveitarfélaga s.s. vegna fjölgunar starfsmanna, afleysinga eða yfirvinnu. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi skóla/vinnustaðar raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum og áður.

2. Nýr kjarasamningur við Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) til kynningar

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Félag íslenskra hljómlistarmanna sem sendur er borgarráði til kynningar.

Gildistími: 1. janúar 2022 – 31. mars 2023.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög á grunni lífsskjarasamnings:

- 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000
- Annaruppbætur taka almennum hækkunum og verða 96.000 kr. 1. júní 2022 og 1. desember 2022

Félag	Aukinn launakostnaður v. 2022	Hlutfallsleg kostnaðaraukning v. 2022
FÍH	9.811.408	3,8%



Samið var um 13 mínútna styttingu á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið á grunni Lífskjarasamnings þar sem auk þess er heimilt að fara í frekari styttingu með afsali kaffitíma. Sérstakur innleiðingarhópur samningsaðila mun fylgja verkefninu eftir og undirbúa gerð leiðbeininga varðandi framkvæmdina. Breyting á skipulagi vinnutíma á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði sveitarfélaga s.s. vegna fjölgunar starfsmanna, afleysinga eða yfirvinnu. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi skóla/vinnustaðar raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum og áður.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Nýr kjarasamningur Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, undirritaður 11. janúar 2022

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra hljómlistarmanna undirritaður 3. febrúar 2022